Nr. 225 15. febrúar 2008

# GJALDSKRÁ
**fyrir búfjáreftirlit í Sveitarfélaginu Árborg.**

1. gr.

Umráðamaður búfjár skal greiða gjald fyrir sérstaka haustskoðun búfjáreftirlitsmanns sem fram fer skv. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 6.500, með virðisaukaskatti. Innifalið í gjaldinu er vinna búfjáreftirlitsmanns og akstur.

2. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og/eða hýsingar gripa samkvæmt ákvæðum laga nr. 103/2002 skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins við handsömun, fóðrun og/eða hýsingu í hvert sinn.

3. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða árlega.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. febrúar 2008.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Arnór Snæbjörnsson.*